

Sigurður Þórarinnsson:

STEINÞÓR SIGURÐSSON

mag. scient.

MINNINGARORÐ

Svo fór þá að lokum, að sú gamla hefndi sín. Og hún vissi, hvað hún gerði. Hún valdi engan þeirra, er mest höfðu ert hana með glannalegu framferði. Hún valdi þann, sem íslenskum náttúrufræðingum og þó sérstaklega Heklufræðingnum var mest missa í, þann eina, sem ekki er hægt að fylla skarðið eftir. Hún valdi Steinþór Sigurðsson. Í blóma aldurs féll hann við starf sitt, trúir þeirri hugsjón, að æðsta hlutverk vísindamannsins sé að leita nýrra sanninda. Hann var öllum harmdaði og því meir, sem menn þekktu hann betur. Um hann flestum fremur geta þeir, er honum kynntust, sagt hin gömlu orð: „Hans skal ég ávallt geta, er ég heyri góðs manns getið.“

Sunnudaginn 2. nóvember 1947 varð sá atburður, að Steinþór Sigurðsson mag. scient., sem var að kvikmynda hraunstraum í suðvesturhlíð Heklu, varð fyrir glóandi hraungrýti, sem hrundi úr hraunbrún. Beið hann samstundis bana.

Steinþór var fæddur í Reykjavík 11. janúar 1904. Foreldrar hans voru Anna Magnúsdóttir frá Dysjum á Álftanesi og Sigurður Jónsson, skólastjóri Miðbæjarbarnaskólans. Steinþór lauk stúdentsprófi úr stærðfræðideild Menntaskólans vorið 1923, sigldi um haustið og innritaðist í Hafnarháskóla. Þar las hann stjórnufræði sem aðalnámsgrein, en stærðfræði, eðlisfræði og efnafræði sem aukánámsgreinar og lauk magistersprófi haustið 1929. Fór orð af dugnaði hans og gáfum, og átti hann að prófi loknu kost á álitlegri rannsóknastöðu erlendis í sérgrein sinni. Er lítil vafi á, að hann hefði unnið sér mikinn frama á sérsviði sínu, ef hann hefði íflent ytra. En hann tók þann kostinn að hverfa heim og réðst strax að loknu prófi kennari í stærðfræði og eðlisfræði við Menntaskólann á Akureyri. Ef til vill hefur það valdið nokkru um ákvörðun hans að flytjast heim, að sumarið 1927 hafði hann kynnt íslenskum öræfum, er hann tók þátt í leiðangri Niels Nielsens og Pálma Hannessonar til hálendis-

7

Höfundur: Sigurður Þórarinnsson

Náttúrufræðingurinn, 1947, 17. árg, 3 hefti, bls: 97-102

ins suðvestur af Vatnajökli og kortlagði Veiðivatnasvæðið. Mun þá þegar hafa kviknað hjá honum sú ást á íslenskum öræfum, sem dvínaði aldrei síðan.

Við Menntaskólann á Akureyri var Steinþór kennari til 1935. Hann átti þar drjúgan þátt í að koma fótum undir stærðfræðideild skólans. Í félagslífi skólans tók hann mjög virkan þátt og lét sér frá öndverðu sérstaklega annt um vetraríþróttir nemanda. Byr skólinn að því enn.

Árið 1935 fluttist Steinþór til Reykjavíkur og varð kennari við Menntaskólann þar. 1938 var hann skipaður skólastjóri hins nýstofnaða Viðskiptaháskóla. Því starfi gengdi hann til 1941, er skólinn var gerður að deild við Háskóla Íslands, og kenndi áfram við þá deild til haustsins 1946. 1941–1945 var hann einnig stundakennari við Menntaskólann og hafði auk þess frá stofnun verkfræðideildar Háskólans umfangsmikla kennslu við þá deild. Reyndist hann hvarvetna ötull í kennslustarfi sínu og var vinsæll af nemöndum. Hvert traust var borið til hans sem skólamanns, má m. a. marka af því, að hann var skipaður framkvæmdastjóri fyrstu landsprófsnefndarinnar vorið 1946.

Steinþór kvæntist 1938 Auði Jónasdóttur Jónssonar. Eignuðust þau tvö börn.

Þótt Steinþór Sigurðsson væri alla tíð eftir heimkomu sína svo hlaðinn kennslustörfum, að margir hefðu látið sér nægja það verk eitt saman, vann hann merkustu störf sín utans skólans. Það voru störf hans í þágu Íslandsrannsókna og íþróttamála. Eins og áður er getið, vann hann að landmælingum á Veiðivatnasvæðinu sumarið 1937. Þrem sumrum síðar tók hann aftur upp landmælingastarfið, var sumarið 1930 aðstoðarmaður danskra landmælingamanna á öræfunum suður af Skagafirði, en næstu átta sumurin foringi mælingaflokks. Hann kortlagði á þessum árum, ásamt E. Jensen, öll öræfi landsins norðan og austan jökla frá Goðdölum til Hornafjarðar, svo og Vonarskarð, Sprengisand og svæðið milli Þjórsár og Köldukvíslar, og punktmældi kringsvæði Langjökuls. Steinþór var afkastamaður við mælingar þessar, svo að af bar, en kort hans bera einnig vott um næman skilning á myndun og mótun þeirra landsvæða, sem hann kortlagði.

Árið 1939 var Rannsóknanefnd (síðar Rannsóknaráð) ríkisins stofnuð, og kaus hún sér Steinþór sem framkvæmdarstjóra. Því starfi fylgdi frá 1941 framkvæmdastjórn Atvinnudeildar Háskólans. Fylgdu

Þessum stöðum umfangsmikil störf, því að Rannsóknaráði var ætlað vítt verksvið, og mæddu þau störf mest á framkvæmdastjóranum. Meðal þeirra mála, sem það hefur komið í framkvæmd, má nefna rannsókn á mómýrum landsins, undirbúningsrannsóknir á skilyrðum fyrir sementsvinnslu og áburðarvinnslu. Merkastar eru þó að líkindum rannsóknirnar á hitasvæðum landsins með mælingum á hita- og vatnsmagni flestra basískra lauga og hvera og ýmsum athugunum á súrum hverasvæðum. Eru framkvæmdir Jarðborana ríkisins í beinu framhaldi af þessum rannsóknum.

Þessar hverarannsóknir munu hafa beint huga Steinþórs að vísindalegum eldstöðvarannsóknum. Sérstakt áhugamál varð honum rannsókn neðanjökulsgosanna, þessara merkilegustu náttúruundra okkar lands. Sumarið 1943 hóf hann, ásamt Jóni Eypórssyni veðurfræðingi, skipulagða rannsókn á Kötlusvæðinu. Fóru þeir þangað þrjár ferðir það sumar og haust og síðan eina eða tvær ferðir sumar hvert. Steinþór stjórnaði og tveimur leiðöngrum til Grímsvatna, 1942 og 1946. Þeir einir, sem eitthvað þekkja af reynslu veðurfar og staðhætti á Kötlusvæðinu og Grímsvatnasvæðinu, geta skilið til fullnustu, hvílíkrar atorku og þrautseigju þessar rannsóknir hafa krafizt. Þessar rannsóknir hafa þegar borið m. a. þann árangur, að nú eru til uppdrættir of Grímsvatnasvæðinu og Kötlusvæðinu miklu nákvæmari en kort herforingjaráðsins, en nákvæmir uppdrættir af þessum svæðum eru skilyrði fyrir því, að gáta neðanjökulsgosanna verði nokkru sinni ráðin.

Nátengt rannsóknarstarfi Steinþórs var starf hans í þágu Ferðafélags Íslands. Hann var ein af máttarstöðum þess félags, eftir að hann fluttist hingað suður, og lagði einkum mikla vinnu í útgáfu hinna merku árbóka félagsins. Varaforseti félagsins var hann síðasta áratuginn.

Þess var áður getið, að meðan Steinþór var kennari á Akureyri, gerðist hann mjög áhugasamur um vetrariþróttir. Eftir að suður kom, lét hann mjög til sín taka um stjórn og skipulagningu íþróttamála, einkum vetrariþróttar. Hann var ritari millipinganevndar í íþróttamálum 1938. Sama ár varð hann formaður Skíðaráðs Reykjavíkur. Hann var aðalhvatamaður að stofnun Skíðasambands Íslands og þótti sjálfkjörinn formaður, er það var stofnað 1946. Um áhrif Steinþórs sem íþróttافرömuðar nægir að vitna í þau ummæli eins samstarfsmanna hans, að síðari árin hafi ekkert þótt ráðið í nokkrum þeim málum, sem við komu skíðaíþrótt, nema hans umsögn

kæmi þar til. En á það vildi ég benda, að starf Steinþórs sem vetrar-íþróttافرömuðar hefur haft mikið gildi fyrir náttúruvannsókn landsins. Í þessu starfi eignaðist Steinþór marga tryggðavini meðal íþróttamannanna og vakti hjá þeim áhuga fyrir þeim náttúrufræðilegu viðfangsefnum, sem honum voru efst í huga. Jökla- og eldfjallarannsóknir síðustu ára, þ. á. m. Heklu-rannsóknirnar, hafa að verulegu leyti byggst á ötulli og óeigingjarnri aðstoð þessara vina Steinþórs, og það væri íslenskum náttúruvannsóknum ómetanlegt, ef hægt væri að halda áfram á þeirri samvinnubraut.

Það var raunar ekki undarlegt, þótt menn sæktust eftir því að fara í leiðangra með Steinþóri Sigurðssyni. Hann var einn af harðduglegustu ferðamönnum landsins, þaukunnugur öllum öræfum. Jafnvígur á vetrar- og sumarferðir og kunni á öll farartæki. Honum lét jafnvel að tylla skeifu undir hóf og hreinsa karbúrador í jeppabíl. Ég hef engan þekkt, sem svo sameinaði ákafa og snarræði þolinmæði og natni. Hann gat, ef svo bar undir, farið dagfari og náttfari án þess að unna sér hvíldar eða matar, en hann gat einnig setið rólegur klukkutímum samau við að laga ljósmæli eða annað fíngerætæki, sem bilað hafði, og venjulega tókst viðgerðin, því að hann var lagtækur með afbrigðum. Hann var sá, sem fremstur gekk og slóðina tróð í hríðarbyl og ófærð, en hann var einnig sá, sem eldaði grautinn og þrifaði tjaldið. Ósérhlífni hans var næstum um of. Álit það, sem Steinþór hafði fengið á sig sem stjórnandi jöklaleiðangra má m. a. marka á því, að mjög var sótt eftir þáttöku hans í þeim mikla sænsk-norsk-enska leiðangri til Suðurskautslandanna, sem nú er á döfinni.

Eins og að líkindum lætur, gafst Steinþóri ekki mikið tóm til ritstarfa. Þó liggja eftir hann margar greinar og ritgerðir náttúrufræðilegs og verkfræðilegs efnis og koma víða við, því að mörg voru áhugaefnin. Í Náttúrufræðingnum á hann greinar þegar frá fyrsta árgangi. Síðastliðið sumar birtist eftir hann alllangt rit heimspekilegs efnis, *The Living World* (Hinn lifandi heimur), þar sem líffræðileg viðfangsefni, einkum erfðalögmál Mendels, eru rædd frá sjónarhóli eðlisfræðings. Ég er ekki dómbær á það rit, en vart mun það dyljast neinum, sem reynir að kryfja það til mergjar, að það er skrifað af manni, sem þrátt fyrir mikið annríki gaf sér tíma til að brjóta heilann um tilveruna og hugsaði snjallt og frumlega. Þess má geta, að eftir að Steinþór hafði lokið við að semja rit þetta, barst hingað frá Dublin rit eftir prófessor Erwin Schrödinger, sem heitir (ef ég man

rétt) *What is Life* (Hvað er líf). Er það að efni svipað riu Steinþórs og niðurstöðurnar mjög líkar. Schrödinger, sem er austurrískur, en nú búsettur í Dublin, er einn af tægustu núlifandi eðlisfræðingum og hlaut Nóbelsverðlaun 1933.

Steinþór Sigurðsson var kennari minn fyrstu tvo veturna eftir heimkomu sína. Síðustu þrjú árin vorum við herbergisfélagar og samstarfsmenn og áttum margar samleiðir um öræfi og byggðir Íslands. Margt og mikilsvert nam ég af Steinþóri í mínum fræðum á þessum árum, en þó þykir mér mest um vert að hafa kynnt manninum sjálfum, þessum góða, falslausa drengskaparmanni. Yfir minningu hans verður alltaf bjart.

— — — — Síðan 29. marz 1947 hefur mér oft verið það ofarlega í hug á Hekluslóðum, hversu lítil og máttvana manneskjan getur verið gagnvart náttúruhamförum sem Heklugosi. En þegar ég þann 3. nóvember frétti um dauða Steinþórs Sigurðssonar, varð mér það etst í hug, hvað manneskjan getur verið stór.

SKRÁ

yfir greinar og ritgerðir náttúrulegs efnis eftir Steinþór Sigurðsson

Tekin saman af Sigurði Þórarinssyni

- 1927 De nærmeste Stjerner. Komet Comas Solä. (Stereóskópiskar myndir með skýringum.) Nordisk Astronomisk Tidsskrift, Bd. 8, No. 2.
- 1931 Plútó. Náttúrufræðingurinn. I. árg. bls. 122—124.
- 1933 Über die Bewegung der Planeten der Jupitergruppe 588 Achilles 1906—1929. Astronomische Nachrichten, Bd. 250. (Þessi ritgerð var einnig birt í Publikationer og mindre Meddelelser fra Köbenhavns Observatorium 1933.)
- 1936 Lýsingar á Hengilssvæðinu og Grafningi í Árbók Ferðafélags Ísl. 1936, bls. 91—97; 104—109; 120—128.
- 1938 Fjallvegir milli Eyjafjarðar og Skagafjarðar. Árbók Ferðafélags Ísl. 1938, bls. 91—95.
- 1939 Reikistjarnan Mars. Náttúrufræðingurinn. IX. árg., bls. 161—171.
- 1941 Á Fimmvörðuhálsi. Árbók Ferðafélags Ísl. 1941, bls. 97—100.
- Nokkrar rannsóknir á náttúru landsins 1939—1940. Andvari 66. ár, bls. 79—98.
- 1942 Árbók Ferðafélags Íslands 1942. Kerlingarfjöll. (Ritað ásamt Jóni Eyþórssyni). Grímsvötn. Visir, sunnudagsblaðið 1942.

- 1943 Um hnegg hrossagauksins. Náttúrufræðingurinn XIII. árg., bls. 134—136.
Fækkun rjúpunnar. Náttúrufræðingurinn XIII. árg., bls. 160—162.
- 1945 Yfirlitsrannsókn Íslands. Náttúrufræðingurinn XV. árg., bls. 92—96.
Um snaugluna. Náttúrufræðingurinn XV. árg., bls. 187.
Mæling á vatnsrennsli Gvendarbrunna. Tímarit Verkfr.fél. Ísl. 30. árg., bls. 58—60.
(Ritað ásamt Jóni Vestdal).
- 1946 Kjarnorka. Tímarit Verkfr.fél. Ísl. 31. árg., bls. 33—40.
Jarðhiti á Íslandi og hagnýting hans. Ársrit Garðyrkjufélags Íslands 1946, bls. 6—13. (Útdráttur á ensku: Thermal Activity in Iceland and its Utilization in Iceland 1946, bls. 13—14).
Rannsóknarleiðangrar og náttúrufræðinám. Lesbók Morgunblaðsins XXI. áf. 2. tbl.
Ný kenning um myrdunarsögu heimsins. Jörð, VII. árg.
- 1947 The Living World. Some Contribution to a Theory of Life from a Physical Point of View. Reykjavík 1947.
Volcano-Glaciological Investigation in Iceland during the last Decade. The Polar Record 1947. (Ritað ásamt Sigurði Þórarinssyni).
— — —
Í handriti er allstórt rit um jarðhita á Íslandi.



Steinþór Sigurðsson
mag. scient.